


21. verkefni 21fellibylur

	Aðgerð	Skýring
1.	Textinn fyrir ofan töfluna á að nota íslenska orðabók en taflan sjálf enska	Veldu viðkomandi texta og veldu svo orðabókina.
2.	Settu síðuhaus og fót í 10 pt letri sbr. fyrirmyndina. Hafðu þessi atriði í fætinum sjálfvirk : heiti skjals (filename), dagsetningu (date) og blaðsíðutal (page).	
3.	Settu textaáhrif á fyrirsögnina . Stækkaðu letrið og miðjaðu.	
4.	Settu 2ja línu forstaf á fyrstu efnisgreinina. Notaðu letrið Lucida Handwriting og hafðu bil milli stafs og texta.	
5.	Rauða efnisgreinin er dregin inn um 3 sm frá vinstri og hægri Settu á hana 13 punkta letur og skáletraðu .	(Skrifaðu 13 í reitinn fyrir leturstærð)
6.	Ramminn: Veldu tvöfalda rauðleita línu með skugga . Settu 6 pt bil í kring (Valkostir)	
7.	Settu ljósan lit (fyllingu) inn í rammann.	
8.	Veldu textann fyrir töfluna og breyttu honum í hólfatöflu	Setja inn, Tafla, Gera texta að töflu
9.	Bættu við dálki fyrir árið 2015: Hægrismelltu í síðasta dálkinn og veldu Setja inn, Setja inn dálka til hægri	
10.	Bættu við þremur röðum neðan við töfluna	(Hægrismelltu í neðstu röð!)
11.	Skrifaðu upplýsingarnar sem vantar í töfluna	Sjá fyrirmyndina
12.	Veldu hönnun á töfluna. Hafðu bendilinn í töflunni og opnaðu borðann Verkfæri töflu	Sjá fyrirmyndina
13.	Hægrismelltu á töfluna og veldu Eiginleikar töflu . Veldu flipann Dálkar og stilltu breidd á 2 sm	
14.	Farðu aftur í eiginleika töflu og settu 0,05 sm bil efst og neðst í hvert hólf (undir Valkostir á flípanum Tafla)	
15.	Miðjaðu töfluna: Smelltu á kross hennar til að velja hana alla og smelltu svo á Miðja	

Nöfn fellibylja

Éf fellibylur veldur miklu tjóni er nafn hans ekki notað aftur. Þegar slíkt gerist er nýtt nafn sett í sérstakan gagnagrunn fyrir nöfn á fellibyljum og hitabeltisstormum yfir Atlantshafi, að sögn Marks Olivers hjá alþjóðlegu veðurfræðistofnuninni í Genf. „Nöfnin þurfa að uppfylla ákveðin skilyrði,“ segir Oliver. „Það þarf að vera auðvelt að muna þau og þau verða að vera í stafrófsröð.“ Veðurstofur landanna í þessum heimshluta leggja nöfnin til og þær þurfa að gæta þess að kyn byljanna breytist, þannig að karlkynsnafn fylgi kvennafni.

Síðan fellibyljir og hitabeltisstormar voru fyrst skráðir árið 1851 hefur það aðeins gerst einu sinni að 21 slíkt ofviðri hafi geisað á svæðinu á einu ári. Það var árið 1933, áður en fellibyljum voru gefin nöfn með skipulegum hætti.

Sex nafnalistar

Núna eru til sex nafnalistar, hver með 21 nafni. Hver listi er notaður á sex ára fresti. Á þeim eru ekki nöfn sem byrja á stöfunum q, u, x, y og z þar sem mannanöfnin með þá upphafsstafi eru of fá.

2010	2011	2012	2013	2014	2015
Alex	Arlene	Alberto	Andrea	Arthur	Ana
Bonnie	Bret	Beryl	Barry	Bertha	Bill
Colin	Cindy	Chris	Chantal	Cristobal	Claudette
Danielle	Don	Debby	Dorian	Dolly	Danny
Earl	Emily	Ernesto	Erin	Edouard	Erika
Fiona	Franklin	Florence	Fernand	Fay	Fred
Gaston	Gert	Gordon	Gabrielle	Gonzalo	Grace
Hermine	Harvey	Helene	Humberto	Hanna	Henri
Igor	Irene	Isaac	Ingrid	Isaias	Ida
Julia	Jose	Joyce	Jerry	Josephine	Joaquin
Karl	Katia	Kirk	Karen	Kyle	Kate
Lisa	Lee	Leslie	Lorenzo	Laura	Larry
Matthew	Maria	Michael	Melissa	Marco	Mindy
Nicole	Nate	Nadine	Nestor	Nana	Nicholas
Otto	Ophelia	Oscar	Olga	Omar	Odette
Paula	Philippe	Patty	Pablo	Paulette	Peter
Richard	Rina	Rafael	Rebekah	Rene	Rose
Shary	Sean	Sandy	Sebastien	Sally	Sam
Tomas	Tammy	Tony	Tanya	Teddy	Teresa
Virginie	Vince	Valerie	Van	Vicky	Victor
Walter	Whitney	William	Wendy	Wilfred	Wanda